

8. gr.

Við afgreiðslu samkv. 6. gr. skal færa hverja afgreiðslu í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings, sem greitt er af og gjöld þau sem innheimt eru. Skal innflytjandi eiga rétt á að sjá gjaldskrá þá, sem innheimt er eftir og fá greiðslukvittun. Enn fremur skal varningurinn merktur með merki- miðum, sem tollgæzlustjóri lætur í té.

9. gr.

Einkasölugjöld sem innheimt eru samkv. 6. gr. skulu send viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og tekur þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.****1. gr.**

Formaður boðar til funda, er hann telur þess þörf, eða þegar minnst 2 nefndarmenn óska þess. Fundaboðun skal vera með þeim fyrirvara, sem nefndarmenn koma sér saman um. Sérfróðum starfsmönnum nefndarinnar er heimilt að sitja fundi. Þeir hafa tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

2. gr.

Nú getur nefndarmaður ekki sótt boðaðan fund. Honum ber þá að tilkynna formanni forföll. Fundur er ályktunarfær, ef viðstaddir eru auk formanns minnst 2 nefndarmenn. Formaður stjórnar fundum.

3. gr.

Nefndin heldur gerðabók. Í gerðabók skal fundaritari færa fundagerðir og samþykktir, sem nefndin gerir. Heimilt er hverjum nefndarmanni að láta færa í gerðabók hverja þá ályktun, sem hann óskar. Formaður skipar fundaritara. Fundagerðir skulu þeir undirrita, sem á fundinum voru.

4. gr.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála í nefndinni. Ef atkvæði verða jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

5. gr.

Formaður annast fyrirgeriðslu vegna skrifstofuhalds og starfsliðs nefndarinnar.

6. gr.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að gera tillögur um breytingar og viðbætur við lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. og 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
2. Að gera tillögur um framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. og 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
3. Að gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 2. og 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
4. Að vera til ráðuneytis varðandi íblöndun hvers konar aukaefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi, sbr. 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
5. Að gera tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveislu eiturefna og hættulegra efna, sbr. 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
6. Að sinna öðrum verkefnum, sem augljóslega falla undir starfssvið nefndarinnar.

7. gr.

Nefndarmenn skulu vera til aðstoðar við samningu tillagna að reglugerðum samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni eftir því, sem ráðherra eða landlæknir í samráði við formann nefndarinnar kveður þá til hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 31. desember 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. nóvember 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt fyrir Þorlákshöfn í Ölfushreppi.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Þorlákshöfn.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalbera.